

## Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar

### 18. fundur

Þriðjudaginn 13. nóvember 2007, kl. 20:30-21:30

í Brekkuskóla

### Fundargerð

Mætt: Pétur, Hjörleifur, Bergljót, Kristín

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Umferðarmál neðst í Lækjargötu og inn að Aðalstræti rædd. Ákveðið að athuga þau mál betur og gengur Hjörleifur í það.
3. Pétur sagði frá fundi Samráðshóps um stígakerfi á Akureyri, sem haldinn var nýlega. Hópurinn á að móta stefnu í stígamállum bæjarins og gera framkvæmdaráætlun. Fram að áramótun geta áhugasamir komið með ábendingar og látið skoðanir sínar á þessum málum í ljós á reidhjol@akureyri.is.
4. Tekið fyrir erindi frá Skipulagsdeild Akureyrar varðandi tillögu að breytingum á deiliskipulagi Verksmiðjussvæðisins á Gleráreyrum vegna Gleráreyra 2. Nefndarfólk gerir engar athugasemdir við breytingartillögu, en vill benda á mikilvægi þess að samhliða framkvæmdum við Glerártorg verði hugað að því að tryggja örugga og þægilega aðkomu gangandi vegfaranda og hjólríðafólks að svæðinu. Nú þegar er aðkomu fyrir þessa hópa vegfarenda ábótavant, sérstaklega til og frá Þórunnarstræti. Stækkandi þjónustusvæði hefur að öllum líkindum í för með sér enn aukna bílaumferð í nánd við Glerártorgssvæðið og mikilvægt að þeir sem kjósa annan ferðamáta eigi einnig greiða leið að og frá Glerártorgi.
5. Ákveðið að nefndarfólk fundi með stjórn foreldrafélagsins í Brekkuskóla á Bláu könnunni mánudaginn 3. des, kl. 18:00 n.k. til þess að ræða umferðarmál við Brekkuskóla
6. Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 11. desember n.k., klukkan 20:30.

Fundi slitið